

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 13/1900:

Halldór Bjarnarson  
gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Guðmundsdóttur.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði ekkja Guðmundar sál. Jónssonar í Grjótnesi, hin stefnda Jóhanna Bjarnardóttir, ásamt börnum hennar og Guðmundar sál., hinum meðstefndu Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Vilborgu S. Guðmundsdóttur, svo og systur Guðmundar sáluga, Jakobínu Jónsdóttur, gegn áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra, oftnefndan Guðmund sál. Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 50 kr. sekt til landskjóds eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, svo og í 10 kr. sekt fyrir óþarfa málsýfingu og í málskostnað 20 kr., og hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandinn hefir nú skotið þessu máli til yfirdómsins með stefnu dags. 20. febr. þ. á., en þar er að eins stefnt ekkju og börnum Guðmundar sál. Jónssonar og Jakobínu nokkurri Guðmundsdóttur, sem eigi virðist koma málinu við, en aftur á móti var óstefnt látið Jakobínu Jónsdóttur, systur Guðmundar sál. Jónssonar, og þar sem þannig eigi hefir stefnt verið öllum hlutaðeigendum málsins, er höfðuðu það og fengu dóm í því, þann er áfrýjað er, ber að vísa máli þessu frá yfirdómi, eftir kröfu hinnar stefndu ekkju og barna hennar, og ber áfrýjandanum eftir þessum úrslitum að greiða stefnda í kost og tæring 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Halldór prófastur Bjarnarson greiði stefndu, ekkjunni Jóhönnu Bjarnardóttur og börnum hennar Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Vilborgu S. Guðmundsdóttur í kost og tæring 15 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.